

## Minnisblað

Viðtakandi: **Menntamálanefnd**  
Sendandi: **Menntamálaráðherra og fjármálaráðherra**  
Dagsetning: **24.04.2006**  
Málsnúmer: **MMR05030094**  
Bréfalykill: **3,5**

Efni: **Minnisblað menntamálaráðherra og fjármálaráðherra til menntamálanefndar.**

Við stofnun hlutafélags um rekstur RÚV er talið hæfilegt, miðað við rekstraráhættu og tekjur slíks félags, að eiginfjárhlutfall verði u.þ.b. 10% eða 500 m.kr. Í árslok 2004 nam eigið fé RÚV 10,2 m.kr. skv. efnahagsreikningi. Í kjölfar endurskoðunar á eignum og skuldum RÚV er gert ráð fyrir að aflað verði heimilda í fjárukalögum 2006 til þess að leggja félaginu til, í formi hlutafjár, það sem upp á vantar til þess aðsettu marki verði náð. Á grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga má gera ráð fyrir að fjárförf vegna þessa verði í kringum 500 m.kr.

RÚV er B- hluta ríkisstofnun og hefur stofnunin stuðst við reikningsskilavenjur sem eru ekki ósvipaðar því sem gerist á almennum markaði. Í tengslum við stofnun hlutafélagsins RÚV fer nú fram endurmat á eignum og skuldum stofnunarinnar á grundvelli reikningsskilaaðferða sem almennt eru viðhafðar við uppgjör hlutafélaga. Bráðabirgðaúttekt sem endurskoðunarfyrirtækið KPMG var fengið til þess að vinna gerir ekki ráð fyrir verulegum breytingum á efnahagsreikningi á grundvelli endurmats miðað við óbreyttar forsendur.

Í frumvarpinu er gert ráð fyrir að hið nýja félag taki yfir eignir og skuldir RÚV, þ.m.t. menningarverðmæti eins og gamlar upptökur og annað sem tengist starfsemi RÚV. Ekki er gert ráð fyrir að hljóðfæri sem fjallað hefur verið um í tengslum við þessar breytingar og hafa verið nýtt af Sinfóníuhljómsveit Íslands muni tilheyra hinu nýja félagi. Þar ber hæst Guarnerius del Gesu fiðlu frá árinu 1728. Raunvirði þessara eigna hefur ekki verið metið í efnahagsreikningi RÚV og eru áhrif þessara breytingar á efnahagsreikning RÚV því óveruleg.

Ljóst er að endanlegur efnahagsreikningur getur ekki legið fyrir fyrr en nákvæmar fjárhæðir veltufjármuna og skulda í árslok 2005 liggja fyrir og fram hefur farið árshlutauppgjör fyrir fyrsta ársfjórðung ársins 2006. Áætlað er að endurskoðaður ársreikningur RÚV fyrir árið 2005 liggi fyrri í kringum 10 maí nk. Þá má gera ráð fyrir að árshlutauppgjör, fyrir tímabilið frá áramótum og fram að gildistöku lagana, muni liggja fyrir u.þ.b. 3 vikum eftir gildistöku lagana.

Ráðgert að hið nýja félag taki formlega við eignum og skuldum RÚV sem áður segir. Endanleg fjárförf vegna fjármögnunar á hlutafé hins nýja félags þarf þá að liggja fyrir. Sérstök nefnd, sem Ríkisendurskoðandi leiðir, vinnur að því að gera sérfræðiskýrslu um stofnefnahag Ríkisútvarpsins ehf. í samræmi við ákvæði hlutafélagalaga. Mun sú nefnd jafnframt gera upphafsefnahagsreikning fyrir félagið, sem mun liggja fyrir þegar efnt verður til stofnfundar RÚV ehf.